

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er taki gildi 1. apríl 2003.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 559, 5. júlí 2001, breytist þannig:

III. TENGIGJÖLD.

Tengigjaldakafllinn skiptist í fjóra hluta. Í fyrsta kafla er fjallað um þéttbýli, í öðrum kafla um dreifbýli, þriðji kafllinn fjallar um hitaveitur og fjórði kafllinn er almennur kafli.

1. Þéttbýli.

Til þéttbýlis teljast skipulögð hverfi með samfelldri byggð og frágengnu gatnakerfi þar sem fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra og íbúatalan er yfir 50 miðað við skrá Hagstofu Íslands um síðastliðin áramót.

Í þéttbýli sem tengist veitusvæðum RARIK gilda eftirfarandi skilgreiningar og ákvæði um tengigjöld:

1.1 Heimtaugar.

Heimtaugar í þéttbýli greinast í aðalheimtaugar, ómældar smáheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar. -

1.2 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru háð stærð heimtaugar. Lágmarksstærð eins og þriggja fasa heimtaugar er 50 A. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Fyrir uppsetningu viðbótarmælis fyrir aðra mælingu og/eða annan notanda á sömu heimtaug greiðast 18.300 kr. fyrir hvern notanda. Viðbótarmæli er ekki heimilt að setja upp fyrir notkun utan lóðar heimtaugahafa. Þar sem notendur eru fleiri en 5 (til dæmis í fjölbýlishúsum) greiðist fullt gjald fyrir fyrstu 5 mælana en hálf gjald fyrir mæla umfram 5 í sama verkinu.

Tengigjöld:

Málstraumur/gerð

50 A einfasa	105.400 kr.
50 A þriggja fasa	118.000 kr.
100 A þriggja fasa	186.300 kr.
200 A þriggja fasa	374.700 kr.
315 A þriggja fasa	590.000 kr.
400 A þriggja fasa	748.000 kr.
500 A þriggja fasa	935.000 kr.
630 A þriggja fasa	1.179.000 kr.
800 A þriggja fasa	1.500.000 kr.
1200 A þriggja fasa	2.132.000 kr.

Tengigjöld geta þó hækkað við frávik samanber grein 1.9. Einungis er afgangur ein heimtaug í hvert hús (þó má gera undantekningu í raðhúsum og parhúsum). Ofangreint

verð miðast við að strengur sé kominn inn í töflu ótengdur, tengingar í töflu eru á vegum eiganda.

1.3 Ómældar smáheimtaugar.

Gjald fyrir ómældar smáheimtaug frá götugreiniskáp [uppsett afl allt að 0,5 kW] er 36.100 kr. og innifalin er tengivinna í götugreiniskáp ásamt tengibúnaði og allt að 10 m af jarðstreng fyrir hvern tengistað. Fyrir streng umfram 10 m greiðast 302 kr./m. Öll jarðvinna svo sem: gröftur, söndun og frágangur er *undanskilin* í ofangreindu gjaldi. Ef jarðvinna er að hluta eða öllu leyti unnin af RARIK skal hún greidd eftir skriflegu tilboði.

1.4 Bráðabirgðaheimtaugar.

Grunngjald fyrir bráðabirgðaheimtaugar er eftirfarandi:

Málstraumur/gerð	
50 A einfasa	18.300 kr.
50 A þriggja fasa	25.900 kr.
100 A þriggja fasa	28.300 kr.

Auk grunngjalds skal greiða kostnað við framkvæmd verks samkvæmt skriflegu tilboði, sem miðast við aðstæður hverju sinni. *Bráðabirgðaheimtaugar skulu aflagðar innan 12 mánaða frá tengingu þeirra.*

1.5 Breyting á heimtaug.

Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug sér notandi um jarðvinnu á eigin lóð.

1.6 Staðsetning.

Leita skal samþykkis RARIK fyrir staðsetningu inntaks heimtaugar.

1.7 Framkvæmd.

Umsækjanda ber að leggja á sinn kostnað plaströr fyrir heimtaugastreng út fyrir lóðamörk í samráði við RARIK og í samræmi við tæknilega tengiskilmála TT 3.2.6. Ef farið er fram á að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal umsækjandi sjá um alla jarðvinnu.

1.8 Spennistöð.

Þurfi að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að mati RARIK. Þegar lóð er lögð til er það gert RARIK að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum RARIK um stærð og staðsetningu lóðarinnar. Ef RARIK samþykkir að nýta húsnæði sem notandinn leggur til fyrir spennistöðina skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota svo sem um brunahólf og að öðru leyti fullnægja byggingareglugerð. Ganga skal frá skriflegum samningi um húsnæðið.

1.9 Aukakostnaður og frávík.

Fyrir heimtaugar á svæði þar sem skipulagsvinnu er ólokið eða heimtaugar stærri en 1200 A gerir RARIK skriflegt tilboð um tengigjald. Gjald fyrir aðrar breytingar á heim

taugum en um getur í verðskrá þessari er samkvæmt skriflegu tilboði. Þegar heimtaug er stækkuð skal greiða fullt tengigjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu fyrra tengigjaldi samkvæmt gildandi gjaldskrá auk 18.300 kr. fasts gjalds. Skoða skal töflu í grein 1.2 sem lágmarksgjald fyrir tilboð í heimtaug. Sé fyrirsjáanlegt vegna lengdar heimtaugar eða annarra aðstæðna að kostnaður við lagningu heimtaugar eða stækkun verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um í grein 1.2 skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.

1.10 *Götulýsing.*

Gjald fyrir uppsetningu götuljósa í þéttbýli er eftirfarandi:

Stígalýsing 4-5 m, 80 W HQ, 30 m strengur	73.300 kr.
Götuljósastaur 6,3 m, 100 W NA, 28 m strengur	89.000 kr.
Götuljósastaur 6,3 m, 125 W HQ, 28 m strengur	85.400 kr.
Götuljósastaur 8 m, 100 W NA, 33 m strengur	104.000 kr.
Götuljósastaur 8 m, 125 W HQ, 33 m strengur	100.600 kr.
Götuljósastaur 10 m, 150 W NA, 40 m strengur	128.300 kr.

Aðrar stauragerðir skulu afgreiddar eftir skriflegu tilboði.

Fyrir staura er veittur 15% afsláttur af verði viðbótarstaura, umfram 10 stk., þar sem um er að ræða staura á sama stað í samfallandi verki sem samið er um í einu lagi.

2. Dreifbýli

2.1 *Tengigjöld á skipulögðu svæði í dreifbýli.*

Með skipulögðu svæði er átt við afmarkað hverfi, þar sem fyrir liggur uppdráttur af staðsetningu húsa og lóða hverfisins í mælikvarða 1:500 til 1:2000, staðfestur af Skipulagsstofnun. Á staðfestum uppdrætti skulu koma fram akbrautir, stígar, stærð lóða og staðsetning húsa á lóðum.

Tengigjöld:

Málafli

5 kVA Heimtaug	238.000 kr.
10 kVA Heimtaug	262.000 kr.
25 kVA Heimtaug	305.000 kr.
50 kVA Heimtaug	375.000 kr.
100 kVA Heimtaug	483.000 kr.

Um er að ræða einfasa eða þrífasa heimtaugar (þó er 5 kVA heimtaug aðeins afgreidd einfasa) háð gerð fyrirbyggjandi háspennudreifikerfis, sem uppfylla ákvæði greinar 2.3, þ.e. 5 hús eða fleiri tengjast í upphafi eða ef spennistöð er til staðar.

Meðallengd heimtaugar og lágspennudreifikerfis, án þess að til greiðslu umframgjalds komi, má ekki fara yfir 200 m.

Umframgjald fyrir hvern metra á bilinu 200 m til 350 m 830 kr.

Notandi sem er lengra en 350 m frá spennistöð greiðir samkvæmt skriflegu tilboði hverju sinni og hið sama á við um stækkunir síðar meir.

Sé fyrirsjáanlegt vegna aðstæðna að kostnaður við lagningu verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um í grein 2.1 skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%. Þegar heimtaug er stækkuð skal greiða fullt tengigjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu fyrra tengigjaldi samkvæmt gildandi gjaldskrá auk 18.300 kr. fasts

gjalds. Verði kostnaður við stækkun meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.

2.2 Eftirlit.

Sveitarfélag, landeigandi eða félag sumarhúsaeyganda viðkomandi hverfis, eftir því sem við á, tryggi í samráði við RARIK heimild til lagningar dreifikerfis, hvort heldur er háspennukerfis eða uppsetningar nauðsynlegs búnaðar, sem og allan eðlilegan umgengisrétt til eftirlits, rekstrar og viðhalds kerfisins.

2.3 Fjöldi og lengd.

Í upphafi þurfa a.m.k. 5 hús á skipulögðu svæði að tengjast hverri spennistöð sem sett er upp. Tengigjöld fyrir einstakar viðbótarheimtaugar frá spennistöð sem er fyrir hendi falla einnig undir gr. 2.1. Meðallengd heimtauga og lágspennudreifikerfis fari ekki yfir 200 m. Umframlengd greiðist samkvæmt gr. 2.1. Lengd háspennudreifikerfis sem leggja þarf að skipulögðu svæði má ekki fara yfir 100 metra á hverja lóð, nema að til komi greiðsla fyrir umframlengd samkvæmt skriflegu tilboði.

2.4 Uppbygging.

Sé fyrirsjáanlegt, að mati RARIK, að svæði sem skipulagt hefur verið komi til með að byggjast seint upp, getur RARIK krafist þess, að fyrir allt að 35% af lóðafjölda verði greitt tengigjald, áður en ráðist er í framkvæmdir. Staðsetning húsa innan skipulags svæðis (þéttleiki byggðar) hefur enn fremur áhrif á ákvörðun um hvort rafvæðing verður heimiluð innan ramma gjaldskrár.

2.5 Lega.

Lega heimtaugar frá lágspennudreifikerfi skal ákveðin í samráði við RARIK, en umsækjandi sér um gröft fyrir heimtaug innan sinna lóðarmarka og annast frágang í samræmi við tæknilega tengiskilmála TT 3.6 / 3.11. Þar sem ekki er um búsetu eða reglulega starfsemi að ræða er mælir settur í mælakassa utandyra. RARIK leggur til mælakassann, en rafverktaki annast uppsetningu og tengingu á kostnað húseiganda.

2.6 Ný háspennulögn.

Sé ný háspennulögn lögð fyrir einn eða fleiri notendur greiðist kostnaður að fullu. Nemi gjaldið fyrir lögnina hærri upphæð en 593.000 kr. á hvern notanda skulu gilda sömu reglur og í gr. 2.10 um kostnaðarþátttöku notenda sem síðar tengjast línunni og endurkröfurétt þeirra sem upphaflega greiddu. Fari línulengd til einstaks notanda yfir 2 km er RARIK heimilt að krefjast árlegs viðbótarfastgjalds fyrir vegalengd umfram 2 km.

2.7 Ný spennistöð.

Fyrir nýja spennistöð, einfasa eða þriggja fasa, greiðir notandi fast verð.

Fyrir 10 kVA spennistöð: 282.000 kr.

Fyrir 25 kVA spennistöð: 360.000 kr.

Fyrir 50 kVA spennistöð: 450.000 kr.

Fyrir 100 kVA spennistöð: 540.000 kr.

Sama verð greiðist hvort sem um einfasa eða þriggja fasa spennistöð er að ræða. Stærri spennistöðvar eru afgreiddar eftir tilboði hverju sinni. Til viðbótar greiðslu fyrir spennistöðina greiðir notandi samkvæmt grein 2.1 fyrir heimtaugina. Verði kostnaður við

spennistöð meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um skal greiða til viðbótar þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.

2.8 *Þrífösun spennistöðvar.*

Gjald fyrir þrífösun á spennistöð að ósk notanda skal vera 155.000 kr. þar sem skipta þarf um spennistöð auk 18.300 kr. á hvern notanda. Fyrir þrífösun spennistöðvar sem fram fer samhliða því að RARIK er að þrífasa og endurnýja háspennukerfið greiðir hver notandi 18.300 kr. Fyrir þrífösun síðar, þar sem þrífasa spennir er til staðar, greiðast 36.600 kr. Notanda ber að tryggja sem jafnast álag á fasa.

2.9 *Þrífösun háspennulagnar.*

Sé þriggja fasa háspennulögn ekki fyrir hendi, en viðkomandi svæði á langtímaáætlun RARIK um þrífösun, greiðir umsækjandi kostnað samkvæmt skriflegu tilboði RARIK allt að 593.000 kr. Fyrir kostnað umfram 593.000 kr. vegna breytinga í háspennukerfi greiðir notandi 30% hlutdeild í kostnaði.

2.10 *Endurkröfuréttur.*

Hafi notandi greitt hærri upphæð en 593.000 kr. fyrir nýja háspennulögn eða þrífösun háspennukerfis skal eftirfarandi gilda:

Tengist aðrir notendur viðkomandi kerfi skulu þeir taka samsvarandi þátt í kostnaði, óski þeir þrífösunar innan 5 ára frá verklokum, og skal þá sá sem upphaflega greiddi þrífösunargjald eiga endurkröfurétt þannig að kostnaði sé jafnað á milli notanda. Kostnaðarhlutdeild og endurkröfuréttur skal þó árlega lækka um 20% og falla niður að 5 árum liðnum.

2.11 *Aukakostnaður og frávik.*

Gjald fyrir heimtaugar og spennistöðvar sem eru stærri en getið er um í greinum 2.1 og 2.7 er samkvæmt skriflegu tilboði hverju sinni, þó að lágmarki samkvæmt greinum 2.1 og 2.7. Sama gildir um hverfi sem ekki uppfylla greinar 2.3. og 2.4.

Gjald fyrir aðrar breytingar á heimtaugum en um getur í verðskrá þessari er samkvæmt skriflegu tilboði. Um bráðabirgðaheimtaugar í dreifbýli, viðbótarmæla og smáheimtaugar gilda sömu reglur og í þéttbýli (gr. 1.2, 1.3, 1.4 og 1.7).

2.12 *Breytingar.*

Greiðsla vegna breytinga á heimtaug, spennistöð eða öðrum kerfishlutum fer eftir skriflegu tilboði hverju sinni. Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug er það gert notanda að kostnaðarlausu ef frá er talin jarðvinna.

Séu fleiri en ein loftlínuheimtaug frá sömu spennistöð skal breyta þeim öllum samtímis. Óski notandi eftir stækkun heimtaugar skal hann greiða mismun tengigjalds nýju og gömlu heimtaugarinnar samkvæmt lið 2.1, annars samkvæmt tilboði.

2.13 *Götuljós.*

Greiðsla fyrir uppsetningu götuljósa í dreifbýli skal vera eftir skriflegu tilboði RARIK hverju sinni og í öllum tilfellum skal hún vera sérmæld.

3. Hitaveitur.

- 3.1 *Tengigjöld.*
Tengigjald fyrir hverja 20 mm heimæð er 118.000 kr.
Fyrir hverja mælagrind umfram eina greiðast 45.000 kr.
- 3.2 *Takmörkun.*
RARIK er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til.
- 3.3 *Aukakostnaður.*
Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, samkvæmt gr. 3.1, skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.
- 3.4 *Frávik og breytingar.*
Gjöld fyrir aðrar stærðir en um getur að ofan svo og breytingar greiðist samkvæmt skriflegu tilboði hverju sinni.

4. Annað.

- 4.1 *Gjöld.*
Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts. Heimtaugar og götuljós eru í eigu RARIK, en með greiðslu tengigjalda öðlast notandi afnotarétt. Tengigjöld skulu greidd áður en framkvæmd hefst.
- 4.2 *Frágangur.*
Frágangur rafmagnsheimtauga skal vera samkvæmt tæknilegum tengiskilmálum rafveitna.
- 4.3 *Endurtenging.*
Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði, má búast við aftengingu heimtaugar. Falli notkun um heimtaug niður í a.m.k. 5 ár, telst heimtaug aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald samkvæmt taxta A.1 fyrir hvert ár sem liðið er frá aftengingu, auk kostnaðar við endurtengingu.
- 4.4 *Breytingar.*
Breytingar aðrar en stækkun á heimtaug eru háðar framkvæmdaáætlun RARIK hverju sinni.

Iðnaðarráðuneytinu, 28. mars 2003.

F. h. r.
Helgi Bjarnason.

Katrín Jóhannsdóttir.